

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, breytt lega Norðfjarðarvegur við Kirkjubólsvæg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 frá 24. ágúst 2010.

Breytingin felst í breyttri legu Norðfjarðarvegur frá Kirkjubólsvægi að Norðfjarðargöngum í Norðfirði á um 2,3 km kafla við Kirkjubólseyrar. Vegurinn mun fara norður fyrir hestaþróttasvæðið við Kirkjubólseyrar og fylgja núverandi vegi inn fyrir tún á Kirkjubóli, þvera Norðfjarðará á móts við Hálsþús og liggja þaðan að fyrri veglínu sunnan Norðfjarðará. Gert er ráð fyrir göngum undir Norðfjarðarveg ofan við skeiðvöll fyrir hestamenn og útivistarfólk.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 4. október 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.